

vexti og málskostnað virðist gestarjettardómurinn eiga að vera óraskaður. Af greindum ástæðum ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, og ber gagnáfrýjanda eptir þessum úrslitum að endurgjalda aðaláfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, er þykir hæfilega metinn 30 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða gestarjettardómi skal óraskað. Málskostnað fyrir yfirdómi greiði gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda með 30 krónum.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 17. aprilmán.

Nr. 2/1882

Alþingismaður E. Egilsson
gegn

bæjarfógeta E. Th. Jónassen.

Dómur:

Með dómi bæjarþingsrjettar Reykjavíkur kaupstaðar, kveðnum upp 15. septembermán. f. á., var áfrýjandinn, alþingismaður E. Egilsson, dæmdur samkvæmt 218. gr. hegningarlaganna til að greiða 10 kr. sekt til landssjóðs, eða, ef sektin ekki væri greidd í ákveðinn tíma, til að sæta einföldu fangelsi í 30 daga, svo og málskostnað 25 kr., fyrir meiðandi ummæli um hinn stefnda í blaðinu Þjóðólfi Nr. 7, dags. 26. marz 1881, og eru þau ummæli, er sagnæm fundust, dæmd dauð og marklaus.

Áfrýjandinn hefur hjer við yfirdóminn krafizt

þess, að hann verði dæmdur sýkn af öllum kærnum og kröfum hins stefnda, og sjer dæmdur málskostnaður fyrir undir-og yfirdómi, en hinn stefndi aptur á móti, að dómur bæjarþingsrjettarins verði staðfestur, og að hann fái málskostnað hjer fyrir rjettinum.

Ummæli þau, sem hinn stefndi hefur talið meiðandi fyrir sig, og krafizt að áfrýjandi verði sektaður fyrir, eru: 1. að hann (hinn stefndi) hafi handsamað Björn gullsmið sem fanga gegn lögum og rjetti að hans (áfrýjanda) meiningu, 2. „en óskiljandi er, af hvaða orsökum hann (hinn stefndi) leyfir sjer að meta að engu þessi fyrirmæli háyfirvaldanna, því ekki má maður efast um, að amtmaður hafi tilkynnt honum áminnst brjef landshöfðingja eins og öðrum lögreglustjórum, enda er það jafn óskiljanlegt, hvernig á því stendur, að landshöfðingi og amtmaður ekki hafa gefið fógeta vorum opinberlegar áminningar fyrir vanrækt hans í því að framfylgja skipunum yfirboðara hans“; 3. „að það sje vonandi, að fógeti vor hreinsi nú Reykjavíkurbæ vel og vandlega af þessum mormónsku óvættum, og láti menn ekki þurfa að hugsa, að honum sje betur til þeirra, en staða hans leyfir“.

Að því nú snertir þessa seinustu klausu, Nr. 3, þá ber þess að gæta, að undirdómarinn hefur álitid, að, eptir því sem hún væri orðuð, væri hún eigi meiðandi fyrir hinn stefnda þannig, að hún gæti bakað áfrýjandanum ábyrgð; en með því hinn stefndi eigi hefur gagnáfrýjað undirrjettardóminum, heldur heimtað hann staðfestan, þá geta þessi ummæli ekki komið til rannsaks af yfirdóminum, heldur að eins ummælin, er nefnd eru undir nr. 1 og nr. 2,

og virðast þau þá sem ástæðulaus áburður—því ekki hefur áfrýjandi einusinni gjört tilraun til að færa rök að því, að þau eigi við neitt að styðjast—hljóta að hafa orðið virðingu hins stefnda bæjarfógeta til hnekkis, og verður áfrýjandi því eptir 219. gr. hegningarláganna að bera ábyrgð á þeim, er þykir hæfilega metin 50 kr. sekt til landssjóðs, eða 15 daga einfalt fangelsi, sje sektin eigi greidd í ákveðinn tíma. Svo ber og að dæma þessi ummæli dauð og marklaus. Um málskostnað við bæjarþingsrjettinn skal hinum áfrýjaða dómi óraskað. Eptir málavöxtum ber áfrýjanda einnig að greiða hinum stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, sem þykir hæfilega metinn 30 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Hin að framan nefndu meidandi ummæli áfrýjandans, alþingismanns E. Egilssons, eiga dauð og marklaus að vera; svo ber honum og að greiða 50 kr. sekt í landssjóð, en greiði hann hana eigi í ákveðinn tíma, skal hann sæta einföldu fangelsi í 15 daga.

Um málskostnað í hjeraði skal dómur undir rjettarins vera óraskaður, en sem málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi til hins stefnda 30 kr. Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.